

ÁRSSKÝRSLA UNDANÞÁGUNEFNDAR GRUNNSKÓLA

skólaárið 2019-2020

nóvember 2020

Inngangur

Undanþágunefnd grunnskóla var skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, sbr. ákvæði 18. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjörnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Hlutverk nefndarinnar var að meta umsóknir skólastjóra um heimild til að lausráða starfsmenn sem ekki hafa leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Nánar var kveðið á um starfsreglur nefndarinnar í reglugerð um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla nr. 440/2010. Þann 1. júlí 2019 voru samþykkt á Alþingi ný lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjörnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, sem tóku gildi 1. janúar 2020. Á grundvelli þeirra laga hefur Menntamálastofnun skipað undanþágunefnd kennara sem veitir tillögur að afgreiðslu beiðna um undanþágur vegna ráðninga lausráðinna leiðbeinenda á grunn- og framhaldsskólastigi.

Undanþágunefnd grunnskóla var skipuð til fjögurra ára í senn og starfsárið 2019-2020 var hún þannig skipuð:

Svanhildur Steinarsdóttir, formaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis (frá 01.08.2019)

Erla Ósk Guðjónsdóttir, formaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis (til 31.07.2019)

Þorgerður Diðriksdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands

Bjarni Ómar Haraldsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

María Steingrímsdóttir, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins

Varamenn:

Erla Ósk Guðjónsdóttir, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis (frá 01.08.2019)

Hjördís Albertsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands

Þórður Kristjánsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ingvar Sigurgeirsson, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins (sat fundi nefndarinnar í stað Maríu frá hausti 2019)

Skýrslan inniheldur tölulegar upplýsingar fyrir skólaárið 2019-2020 og til samanburðar eru upplýsingar fyrir hvert ár allt frá skólaárinu 2008-2009. Skólaárið er skilgreint frá 1. ágúst til og með 31. júlí ár hvert.

Samantekt

Á skólaárinu 2019-2020 voru teknar til afgreiðslu 787 umsóknir um heimild skólastjóra til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Af þeim voru 738 umsóknir samþykktar (93,8%) en 49 var synjað (6,2%).

Umsóknum um undanþágur hefur fjöldað jafnt og þétt frá skólaárinu 2012-2013. Þegar skólaárið 2019-2020 er borið saman við skólaárið á undan er um að ræða 30% fjölgun umsókna og 33,9% fjölgun samþykkttra umsókna. Af 738 samþykktum umsóknum fyrir skólaárið 2019-2020 voru 588 eða 79,7% umsókna vegna kvenna og 150 umsóknir eða 20,3% vegna karla.

Flestar samþykktar undanþágur eru vegna einstaklinga í menntunarflokk 10 eða 31,6%. Í þessum flokki eru einstaklingar með háskólagráðu í grunnskólakennarafræðum (t.d. B.Ed.), leikskólakennrarar, þroskaþjálfar o.fl., án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum.

Hlutfall undanþága vegna einstaklinga með enga starfsreynslu við kennslu hefur hækkað nokkuð undanfarin ár. Þó hefur það lækkað nokkuð frá síðasta ári þegar það var rétt riflega helmingur umsókna

og er nú 42,1% af samþykktum umsóknum. Meirihluti umsókna er vegna einstaklinga á aldursbilinu 31-40 ára eða 41,7%.

Fjöldi og afgreiðsla umsókna

Í töflu 1 hér að neðan má sjá skiptingu milli skólaára á fjölda samþykktra og synjaðra umsókna. Þar kemur líka fram hlutfallsleg breyting samþykktra umsókna milli ára, en eins og sjá má hefur orðið stöðug aukning frá 2012-2013. Frá síðasta skólaári varð aukningin 33,9%.

Tafla 1: Fjöldi umsókna eftir skólaárum: samþykktar umsóknir, hlutfallsleg breyting á samþykktum milli ára og synjanir

Skólaár	Heildarfjöldi umsókna	% breyting heildarfjölda umsókna	Samþykktar umsóknir	% breyting samþykktra umsókna	Umsóknum synjað
2008-2009	654	-	477	-	177
2009-2010	303	-53,7	238	-50,1	65
2010-2011	175	-42,2	118	-50,4	57
2011-2012	86	-50,9	56	-52,5	30
2012-2013	116	34,9	92	64,3	24
2013-2014	158	36,2	136	48	22
2014-2015	206	30,4	164	20,6	42
2015-2016	237	15	210	28	27
2016-2017	313	32,1	272	29,5	41
2017-2018	434	38,7	383	40,8	51
2018-2019	605	39,4	551	43,9	54
2019-2020	787	30	738	33,9	49

Í töflu 2 má sjá skiptingu umsókna eftir landshlutum. Vakin er athygli á því að frá og með skólaárinu 2016-2017 var tekin upp breytt landshlutaskipting. Flokkurinn Reykjanes var tekinn út og tveir nýir flokkar bættust við:

Reykjavík og nágrenni og Suðurnes. Í floknum Reykjavík og nágrenni eru: Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Reykjanes flokkast með Suðurnesjum eftir breytinguna.

Tafla 2: Fjöldi samþykktra umsókna eftir skólaárum og landshlutum

Skólaár	08/09	09/10	10/11	11/12	12/13	13/14	14/15	15/16	16/17	17/18	18/19	19/20
Landshlutar												
Reykjavík	103	11	9	6	9	15	17	12	31	58	121	179
Nágr. Rvk.									97	134	193	249
Reykjanes	181	92	42	15	29	56	81	116				
Suðurnes									53	66	81	116
Vesturland	21	26	14	6	9	6	7	17	18	17	21	23
Vestfirðir	26	19	9	5	10	15	11	11	13	21	19	25
Norðurl. V	15	11	11	7	4	5	2	12	3	7	8	14
Norðurl. E	36	18	7	3	14	10	9	13	7	12	19	26
Austurland	41	32	19	8	11	14	18	9	24	30	34	36
Suðurland	54	29	7	6	6	15	19	20	26	35	55	70
Samtals	477	238	118	56	92	136	164	210	272	383	551	738
Breyting í % milli ára	-5,7	-50,1	-50,4	-52,5	64,3	48	20,6	28	29,5	40,8	43,9	33,9

Menntunarflokkar, nám til kennsluréttinda og kynjaskipting

Menntun þeirra sem skólastjórar sækja um undanþágu fyrir er greind í eftirfarandi 10 flokka:

1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun
2. Nám í framhaldsskóla án lokaprófs
3. Stúdentspróf
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi
5. Listnám
6. Meistaranám í iðngrein
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum
8. Nám til kennsluréttinda
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar o.fl.
10. BA., BS., B.Ed. í grunnskólakennarafræðum, Ph.cand., MA., Cand.mag., Cand.phil., Cand.psyk., Mag.theol. og Dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum, leikskólakennrarar, þroskaþjálfarar og iðjuþjálfarar

Flestir samþykktar undanþágur eru vegna einstaklinga í menntunarflokk 10 eða 31,6%. Í þessum flokki eru einstaklingar með háskólagráðu í grunnskólakennarafræðum (t.d. B.Ed.), leikskólakennrarar, þroskaþjálfar o.fl., án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum. Undanþágur fyrir einstaklinga með annars konar háskólagráðu eru 27,5% samþykktar undanþága (menntunarflokkur 9). Af samþykktum undanþágum eru 156 einstaklingar í meistaranámi til kennsluréttinda eða 21,1% (menntunarflokkur 8). Í menntunarflokk 7, þ.e. nám við háskóla án lokaprófs – stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum, eru m.a. flokkaðir einstaklingar sem eru í B.Ed. námi en hlutfall undanþága í þessum flokki er 13,3%. Í öðrum menntunarflokkum eru samþykktar undanþágur 6,5% af heildartölunni.

Tafla 3: Skipting samþykkttra umsókna eftir árum og menntunarflokkum

Menntunar-flokkur	Skólaár 08/09	09/10	10/11	11/12	12/13	13/14	14/15	15/16	16/17	17/18	18/19	19/20
2	4	3	2	1	2	0	0	1	1	1	0	0
3	10	4	1	0	0	4	0	1	1	0	2	8
4	48	14	19	8	5	5	10	11	15	1	12	15
5	17	18	7	3	2	2	10	3	5	10	4	22
6	19	13	7	1	3	2	6	3	4	4	4	2
7	63	20	11	3	8	14	10	5	8	14	24	98
8	140	81	28	17	30	38	10	41	51	42	52	156
9	9	7	4	4	2	5	3	3	8	4	4	203
10	158	72	34	17	38	65	114	139	176	302	448	233
Samtals	477	238	118	56	92	136	164	210	272	383	551	738
%	33,1	30,2	28,8	30,4	41,3	47,8	20,6	66,3	65	79	43,9	33,9

Umsóknir vegna einstaklinga sem eru í námi til kennsluréttinda eru 156 talsins, þar af eru 54 tilgreindir á lokaári meistaranámsins. Sótt var um fyrir 79 einstaklinga sem voru í B.Ed. námi í grunnskólakennarafræði. Samtals eru það því eða 32% af heildarfjölda samþykktra umsókna.

Af 738 samþykktum umsóknum fyrir skólaárið 2019-2020 voru 588 eða 79,7% umsóknir vegna kvenna og 150 umsóknir eða 20,3 vegna karla.

Starfsreynsla

Þegar samþykktar umsóknir eru flokkaðar eftir starfsreynslu kemur í ljós að flestir umsækjendur eða 42,1% voru með enga starfsreynslu úr kennslu. Er það ívið lægra hlutfall en undanfarin tvö ár. Nánari flokkun má sjá í töflu 4 hér að neðan.

Tafla 4: Hlutfall starfsreynslu við kennslustörf eftir skólaárum

Skólaár	08/09	09/10	10/11	11/12	12/13	13/14	14/15	15/16	16/17	17/18	18/19	19/20
Starfsreynsla	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
6 ár eða meira	15,8	0	0	19	21,7	0	0,6	11,9	7	5	3,6	4,1
3-5 ár	11,5	21,8	21,2	28,6	10,9	24,3	24,4	9,5	10,3	10,7	7,6	10,2
1-2 ár	31	32,4	27,1	21,4	31,5	41,2	41,5	35,7	31,2	30	35,6	40,5
Engin	41,7	45,8	51,7	16,1	35,9	34,5	33,5	42,9	51,5	54,3	53,2	45,2

Kennslugreinar

Tafla 5 sýnir hvaða kennslugreinar var sótt um undanþágu fyrir. Hafa ber í huga að hver umsókn getur varðað fleiri en eina kennslugrein. Langflestir undanþágurnar voru veittar vegna almennrar kennslu. Skv. skráningu undanþáguneftnar grunnskóla er almenn kennsla skilgreind sem umsjónarkennsla, aðstoðarkennsla eða kennsla í ýmsum greinum.

Tafla 5: Fjöldi samþykktra umsókna flokkaður eftir kennslugreinum

Almenn kennsla	416	Íslenska	54	Stærðfræði	18
Bóklegar greinar	22	Íþróttir	28	Sérkennsla	29
Dans	2	Leiklist	8	Smíði	25
Danska	7	Listir	3	Sund	6
Enska	19	Myndmennt	7	Textílmennt	2
Forfallakennsla	20	Náttúrufræði	16	Tónmennt	16
Handmennt	2	Raungreinar	2	Upplýsingatækni	4
Heimilisfræði	18	Samfélagsgreinar	10	Valgreinar	4

Aldursskipting

Þegar umsóknir eru flokkaðir eftir aldri einstaklinga kemur í ljós að flestar umsóknir sem samþykktar voru á skólaárinu 2019-2020 voru fyrir einstaklinga á aldrinum 31-40 ára eða 42,1%. Umsóknum fer fækkandi í aldursflokknum 41 árs og eldri. Nánari skiptingu má sjá í töflu 6 hér á eftir.

Tafla 6: Hlutfall aldursskiptingar þeirra sem fengið hafa undanþágu til kennslu eftir skólaárum

Skólaár	08/09	09/10	10/11	11/12	12/13	13/14	14/15	15/16	16/17	17/18	18/19	19/20
Aldursskipting	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
20 ára og yngri	0,2	0	0	0	0	0	0,6	0	0	0	0	0,1
21-30 ára	31,9	21,8	21,2	17,9	30,4	24,3	24,4	29	22,4	34,2	32,7	35,4
31-40 ára	32,5	32,4	27,1	37,5	28,3	41,2	41,5	38,1	48,2	40,7	43,2	42,1
41 árs og eldri	35,4	45,8	51,7	44,6	41,3	34,7	33,5	32,9	29,4	25,1	24,1	22,4

Umsóknir skólastjóra vegna lausráðninga

Í nokkrum tilvikum hafa borist umsóknir frá skólastjórum til undanþágunefndar grunnskóla þar sem óskað er eftir heimild til að lausráða starfsmann án kennsluréttinda þrátt fyrir að fyrrliggjandi sé umsókn frá grunnskólakennara. Skv. 5. gr. [reglugerðar](#) um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla nr. 440/2010 er slíkt heimilt ef hvorki skólastjóri né a.m.k. tveir skólanefndarmenn geta mælt með ráðningu kennarans. Í þeim tilvikum er réttindakennara gefinn kostur á að tjá sig um framkomin gögn í málinu skv. IV. kafla [stjórnsýslulaga](#) nr. 37/1993. Nánari upplýsingar um fjölda mála má sjá í töflu 7 hér á eftir.

Tafla 7: Fjöldi umsókna vegna andmælaréttarmála flokkaðar eftir skólaárum, samþykktar umsóknir og synjanir

	Heildarfjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Umsóknum synjað
2009-2010	9	8	1
2010-2011	1	1	
2011-2012	1		1
2012-2013	1	1	
2013-2014	1	1	
2014-2015	4	3	1
2015-2016	1	1	
2016-2017	5	3	2
2017-2018	3	3	
2018-2019	2	2	
2019-2020	1	1	

Dreifibréf undanþágunefndar grunnskóla

Undanþágunefnd grunnskóla sendir dreifibréf til skólastjóra, skólaskrifstofa og sveitarfélaga í vorþyrjun hvers árs, með ýmsum upplýsingum og leiðbeiningum vegna umsókna. Samstarf við skólastjóra hefur að venju gengið mjög vel og hefur það auðveldað vinnu við afgreiðslu umsókna.

13. nóvember 2020

f.h. undanþágunefndar grunnskóla
Svanhildur Steinarsdóttir, formaður